

156. fundur skráningarráðs 12. mars 2026 kl. 9.30-11

Mætt voru: María Bjarkadóttir (fundarritari), Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigurgeir Finnsson og Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sátu fundinn Bára Stefánsdóttir, Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

2. Lagfæring á RDA í haskinu (staða)

Rætt um stöðuna. Kristín Lilja er að vinna í verkefnaáætlun sem þarf að skoðast með hliðsjón af því að það er að koma nýr ritill inn í Ölmú á næsta ári og það þarf að meta hvort við viljum nota fídusa sem verða aðgengilegir í honum. Í nýja ritlinum verða færslur settar fram í linked data umhverfi samkvæmt RDA og það hvort við höldum áfram að skrá í MARC21 eða færur okkur yfir í RDA linked data færslur hefur áhrif á það hvaða vinnu þarf að fara í við innleiðingu á nýju RDA. Ef linked data er raunverulegur möguleiki með þessum nýja fíðus felur það í sér meiri undirbúningsvinnu. Kristín Lilja hefur sent fyrirspurn til Noregs, þar sem hefur verið í gangi samstarf við Ex Libris um þróunina á ritlinum, en ekki hefur borist svar. Málin munu skýrast í síðasta lagi í lok apríl.

Nánar rætt á næsta fundi.

3. Skemmri skráning og aðfangaverklagið

Rætt um skemmri skráningu, kosti og galla. Sigrún ræddi hvaða möguleikar væru á því að fleiri gætu komið að því að skemmri skrá. Verið er að vinna í innleiðingu á nýju aðfangaverklagi í Ölmú en til að það virki sem skyldi þurfa að vera til færslur til að setja pantanir á. Hægt væri að leysa það með því að auka möguleika á skemmri skráningu en það þarf að vera tryggt að færslurnar séu kláraðar af skrásetjara og skýrt hver á að klára hvaða færslur. Ef fleiri fengu heimild til að skemmri skrá væri nauðsynlegt að útbúa einhverskonar samkomulag. Sigrún útbýr tillögu að samningi og sendir á skráningarráð.

4. Fræðslufundur skrásetjara í maí

Rætt um dagskrá og staðsetningu fræðslufundar.

Sigurgeir lagði til að kynna nafnmyndavinnu sem fer fram á Landsbókasafni.

Umfjöllun um svið 505 verður í „hraðfréttum“ – Kristín tekur að sér að kynna.

Senda þarf út „takið daginn frá“, verður gert fyrir páska.

Líklega verður fundurinn á Landsbókasafni en Sigrún ræðir nánar um staðsetningu við Þórnyju (formann Upplýsingar) og Sveinbjörgu og lætur vita.

5. Skráningarnámskeiðið – gleðifréttir

Búið er að samþykka að námskeiðið Skipulag þekkingar verði kennt á hverju ári frá og með haustinu, en námskeiðið verður nú með breyttu sniði. Námskeiðið verður kennt bæði fyrir nemendur á upplýsingahegðunarlínu og á upplýsingastjórnunarlínu. Fyrri hluti námskeiðsins verður sameiginlegur og verður almenn kennsla í skipulagi upplýsinga og upplýsingakerfum. Hópnunum verður svo skipt eftir línunum þar sem annar hópurinn lærir bókfræðilega skráningu og hinn hópurinn skjalaskráningu. Áfanginn mun hafa hvor sitt áfanganúmer eftir línunum og eingöngu þeim nemendum sem hafa lokið bókfræðiskráningaráfanganum verður heimilt að sækja skráningarnámskeið hjá Landskerfi. Skoða þarf lausnir fyrir nemendur af skjalalínunni sem vilja læra bókfræðiskráningu líka. Kristín fundar með deildinni í HÍ í lok mars.

6. Önnur mál

- Rætt um hnapp sem birtist á lbs.leitir.is þar sem notendur geta komið til skila ábendingum um vandamál á síðunni, svo sem óvirka tengla, leitarvandamál eða ranga skráningu. Tilkynningar þaðan berast á gegnir@landsbókasafn.is. Hnappurinn er eingöngu á lbs leitir, en spurning hvort eigi að setja það á allar síður leitir.is.
- Næsti fundur ákveðinn 9. apríl

Ekkert fleira rætt og fundi slitið kl. 11:05